200 sæti í
Sólar Plús

Þú velur dagsetningu, bókar og greiðir staðfestingargjald. Gististaðurinn verður staðfestur viku fyrir brottför.

Verðdæmi til Mallorca eða Benidorm
36.242 kr.

m.v. að 2 fullorðnir og 2 börn 2ja til 11 ára ferðist saman.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 1 viku, akstur til og frá flugvelli erlendis og íslensk fararstjórn.
Barnaafsláttur fyrir 2ja til og með 11 ára, 12.000 kr.

Ef 2 ferðast saman 47.630 kr.

Brottfarir
Krít
19. og 26. maí, 2. og 9. júní
Benidorm
4., 11. og 21. júní
Mallorca
22. maí og 12. júní
Portúgal
20. maí, 3. og 10. júní

Verð

	Verð á mann
4 í íbúð	38.900
3 í íbúð	41.900
2 í íbúð	43.900

	Aukavika stgr. á mann
4 í íbúð m/1 svefnherb. og stofu	10.500
3 í íbúð m/1 svefnherb. og stofu	13.500
2 í íbúð eða stúdíói	17.500
Aukagjald fyrir einbýli m.v. stúdíó	16,900
Aukavikuverð m.v. 1 í stúdíó	29,400
Barnaafsláttur 12.000	

plús FERÐIR
www.plusferdir.is
Hlíðasmára 15 • Sími 535 2100

Leitin að þeim sem skarar fram sem söngvari á hinu íslenska dægurlagasviði barst um víðan völl. En niðurstaðan liggur fyrir – álitsgjafar Fréttablaðsins hafa kveðið upp sinn dóm:

Ellý Vilhjálms – dægurlagastjarna Íslands

Misjafn reynist smekkur manna þegar tónlistin er annars vegar og eru margir kallaðir en fáir útvaldir þegar leitað er álits á því hverjir standi upp úr á hinu íslenska dægurlagasviði, bæði að fornu og nýju. Úrslitin eru engu að síður ótvíræð. Ellý Vilhjálms sigrar í þessari óformlegu könnun Fréttablaðsins með nokkrum yfirburðum og skýtur þar ýmsum kempum ref fyrir rass. 20 sérlegir álitsgjafar blaðsins voru beðnir um að nefna sinn topp fimm lista og raða honum í forgangsröð. Sá sem sat efstur á lista hlaut 10 stig, sá næsti 8 og þannig koll af kolli. Sá söngvari sem var í 5. sæti hlaut 2 stig. Flestir kvörtuðu undan því að þröngt væri sniðinn stakkurinn og vildu fá að nefna fleiri – en það var ekki hægt. Í ljósi þessa er óhætt að fullyrða að nokkur heiður sé því samfara að komast á blað.

Álitsgjafarnir

Álitsgjafarnir eru úr ýmsum áttum og valdir af handahófi. Þar innan um eru margir sem löngum teljast ómissandi álitsgjafar þegar poppsagan er annars vegar og auk þeirra nokkrir sem eru ekki eins hefðbundnir í þeim hópi. En allir þessir eiga það sammerkt að hafa hlustað mikið á tónlist í gegnum tíðina og teljast án nokkurs vafa tónlistarunnendur. Þeir eru: *Andrea Jónsdóttir, útvarpsmaður og poppfræðingur, Arnar Eggert Thoroddsen, poppskríbent á Mogganum, Didda, skáld og söngkona, Egill Helgason sjónvarpsstjarna, Eiður Arnarson, bassaleikari og útgáfustjóri, Einar Örn, tónlistarmaður og fjölmiðlafræðingur, Freyr Eyjólfsson, dagskrárgerðarmaður á Rás 2 og mandólínleikari, Gunnar L. Hjálmarsson, útvarpsmaður, poppfræðingur og pönkari, Hallur Helgason, trommuleikari Kátra pilta og leikhússtjóri, Ísar Logi Arnarsson, framkvæmdastjóri Undirtóna, Kristín Eysteinsdóttir söngkona, Jói B. Bjarnason, stuðbolti, tölvumaður og plötusnúður, Jón Ólafsson tónlistarmaður, Jónatan Garðarson, poppspekingur og Júróvisjónlandsliðseinvaldur, Lísa Páls, útvarpsmaður og söngkona, Magnús Kjartansson tónlistarmaður, Margrét Hugrún Gústavsdóttir blaðamaður, Margrét Valdimarsdóttir, fyrrum dagskrárstjóri Radíó X og blaðamaður, Ragnar Gunnarsson, golfari, rithöfundur og fyrrum poppari, og Sverrir Stormsker tónlistarmaður.*



1. Ellý Vilhjálms

Ellý er ótvíræður sigurvegari þessarar könnunar með 74 stig og 9 tilnefningar. Meðal þess sem álitsgjafarnir hafa um hana að segja er: „Falleg rödd...“ „Guðdómleg rödd.“ „Íslendingar voru heppnir að eiga hana og synd að restin af heiminum skyldi hafa misst af henni. Hún er á heimsmælikvarða.“ „Ellý hafði þessa ofboðslega fallegu dýpt og miklu tjáningu. Mönnum stóð ekki á sama þegar hún söng, snerti mann alltaf.“ „Þegar maður hlustar á hana kemst maður að því aftur og aftur hvað hún er frábær. Allt sem hún syngur er einhvern veginn fullkomið og ég sakna hennar.“ „Ég fékk Ellý í pela þegar ég var lítil. Og henni tekst að tengja mig við raunveruleikann og róa taugarnar hvenær sem er.“ „Allt gott sem hún flutti. Hlustaði nokkrum sinnum á hana og hef stúderað hana. Yfirburðahæfileikar og hefði átt að verða heimsfræg.“

Eldri kynslóðir einoka sviðið

Það sem má heita einkennandi er að söngvarar liðinna tíma standa uppi sem sigurvegarar. Þannig er þau sem eru í þremur efstu sætunum horfin yfir móðuna miklu og Haukur Morthens laumar sér milli söngsystkinanna Ellýar og Vilhjálms Vilhjálmsbarna. Þau sem næst koma eru flest komin um og jafnvel vel yfir fertugt. Bó, Bubbi og Björk, béin þrjú í íslenskri rokksögu, mega öll ágætlega við una sem og Egill Ólafsson. Egill og Björk eru jöfn að stigum en Egill fékk talsvert fleiri tilnefningar, sem gerir hans árangur betri. Yngsta kynslóðin setur hins vegar ekki mark sitt á þessa könnun svo nokkru nemi. Hvort þar ráði gæði eða íhaldssemi álitsgjafanna skal ósagt látið. Annað það sem má heita athyglisvert er að tónlistargáfan virðist liggja í genunum: Systkinin Ellý og Vilhjálmur og frændurnir Haukur og Bubbi eru í sátt og samlyndi á topp tíu listanum.



FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

MEGAS
Ólíkindatólið í íslenskri dægurlagatónlist, er efstur í kjöri yfir þá sem mega teljast ólíklegir á þessu sviði og – samkvæmur sjálfum sér – er einnig á topp tíu listanum yfir bestu dægurlagasöngvara fyrr og síðar.

2. Haukur Morthens



Haukur skýst á milli Ellýar og Vilhjálms með 68 stig og 10 tilnefningar. Um hann er meðal annars sagt: „Sinatra Íslands. Náði lengra en Stuðmenn því hann söng í Tívolí í alvöru.“ „Svalur, hvort sem það var í stuðinu eða ballöðunum. Hann er svona „the man“ í þessum fræðum.“ „Gamla Ísland birtist manni ljóslifandi þegar maður heyrir í honum, klassísk rödd fortíðar.“ „Hann er duglegasti dægurlagasöngvari Íslandssögunnar. Veit ekki um neinn sem veit ekki hver hann er. Sungið sig í hjörtu allra.“ „Hann er kóngurinn í dægurlögunum.“ „Sjarmerandi söngvari.“ „Til eru fræ.“

Páll Rósinkrans er yngstur á topp tíu listanum og óvænt á lista er Hallbjörg Bjarnadóttir. Þeir sem berja á dyrnar eru Helgi Björnsson, Emilíana Torrini, Þorvaldur Halldórsson, Daníel Ágúst, Einar Örn, Andrea Gylfadóttir og Jóhann Helgason. Auk þeirra hlutu tilnefningar: Bjarki Tryggvason, Dr. Gunni, Rúni Júll, Óttarr Proppé, Heiðar í Botnleðju, Rúnar Gunnarsson, Hreinn Pálsson, Atli Geir Grétarsson, Jenni úr Brain Police, Engilbert Jensen, Stefán Hilmarsson, Ellen Kristjánsdóttir, Björn Jörundur, Shady Owens, Svanhildur Jakobsdóttir, Margrét Eir, Karl Örvarsson, Höskuldur í Quarasi, Sigurður Bjóla og Pálmi Gunnarsson. Án efa hefðu margir söngvarar aðrir átt erindi, til dæmis má heita undarlegt að sjálfur Raggi Bjarna komst ekki á blað þrátt fyrir ótvíræða yfirburði elstu kynslóðarinnar.

Ólíkindatólið Megas

Samhliða því að nefna sinn topp 5 lista voru álitsgjafarnir beðnir um að nefna til sögunnar þann einstakling sem telja má ólíkindalegan á dægurlagasviðinu. Sá sem hefur kannski ekki alveg það til að bera sem menn jafnan leggja sem mælistiku á dægurlagastjörnu: Hvorki góða rödd né raddbeitingu, jafnvel að útlitið sé ekki alveg í samræmi við það sem vel kann að reynast á þessu sviði.

3. Vilhjálmur Vilhjálmsson

Vilhjálmur er öruggur í þriðja sætinu, enda eftirlæti margra, með 60 stig og 9 tilnefningar. Um hann er sagt: „Erfitt að útskýra snilldina. Hún er ómennsk þessi rödd, svo falleg er hún.“ „Tilgerðarlaus og sannur flutningur.“ „Þvílíkt náttúrutalent og söng nánast alltaf kórrétt. Ef hann hefði einbeitt sér algerlega að tónlistinni hefði hann getað sigrað heiminn.“ „Líklegast sá látlausasti og einlægasti í bransanum, laus við alla tilgerð og uppskrúfaðan rembing og belging enda skildi hann textana og vissi hvað hann söng. Skýr maður með skýra rödd - því miður búinn að syngja sitt síðasta.“ „Býr yfir miklum trega og fallegum.“ „Falleg, óvenjuleg, há rödd og mikil tilfinning.“ „Ég veit ekki alveg hvenær sakleysið hvarf úr íslenskri tónlist – en fólk virðist hafa verið einlægara áður fyrr og það virkar betur á mann.“ „Sá besti. Sterk og tær rödd, kraftmikil en um leið undurfalleg. Frábær dægurlagasöngvari og sá besti sem landið hefur alið.“

